

## AUGLÝSING

### um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði:

#### 1. Umferð:

- a. Á **Garðavegi** er einstefnuakstur til vesturs.
- b. Umferð um **Óseyrarbraut** og **Fornubúðir** nýtur forgangs fyrir umferð frá **Óseyrarbryggju** (biðskylda.)
- c. Umferð um **Smyrlahraun** nýtur forgangs fyrir umferð frá **Álfaskeiði** (biðskylda.)

#### 2. Bifreiðastöður:

Bifreiðastöður eru bannaðar við gangstéttir eftirtalinna gatna:

**Hellisgötu, Móabarðs, Selvogsgötu, Smyrlahrauns** neðan **Arnarhrauns** og **Vesturbrautar**.

Einnig eru bifreiðastöður bannaðar við gangstéttir **Suðurgötu** frá **Lækjargötu** að norðan að **Sniðgötu** að sunnan, nema þar sem merkingar við gangstéttir gefa annað til kynna.

Bifreiðastöður eru leyfðar við framantaldar götur gegnt gangstéttum þar sem aðstæður leyfa.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 5. desember 1977.*

**Einar Ingimundarson.**

14. desember 1977.

Nr. 440.

## SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir **Akraneskaupstað**,  
nr. 57 21. mars 1963.

#### 1. gr.

2. másl. 2. mgr. orðist svo:

Ökuhraði bifreiða á götum bæjarins má þó aldrei fara fram úr 45 km á klst., nema um sé að ræða sjúkrabifreiðir, lögreglubifreiðir eða slökkvibifreiðir.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraness hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. desember 1977.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*